

Heiti umsóknareyðublaðs

FF Styrkumsókn 2024 -
Þjónusta/aðstaða 1

Umsókn send inn

19.10.2023 13:00

Aðilar

Innsendandi

Kennitala	1001922419
Heiti	Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Netfang	sigridur@hac.is
Sími	6591549
Lögheimili	Austurvegur 16
Póstnúmer	680
Staður	

Upplýsingar

Upplýsingar um umsækjanda

Kennitala umsækjanda	4203691749
Nafn	Langanesbyggð
Lögheimili	Langanesvegur 2
Póstnúmer og staður	680 Þórshöfn
Netfang	langanesbyggd@langanesbyggd.is
Tegund	Sveitarfélag

Upplýsingar um ábyrgðarmann

Kennitala ábyrgðarmanns	1001922419
Nafn	Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Sími	+354 6591549
Netfang	sigridur@hac.is

Upplýsingar um staðgengil ábyrgðarmanns

Kennitala staðgengils ábyrgðarmanns	0506932959
Nafn	Þorri Friðriksson

Sími +354 8464022

Netfang thorri@langanesbyggd.is

Bankaupplýsingar

Bankaupplýsingar 0179-26-000005

Kennitala 4203691749

Nafn Langanesbyggð

Styrkhæf verkefni

Styrkhæf verkefni (tegund) A. Uppbygging, viðhald og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila.

Takmarkanir á styrkveitingum samkv. 6. gr. reglugerðar nr. 782/2017

Ég staðfesti að hafa lesið ofangreindan texta.

[Valið]

Grunnupplýsingar um verkefnið

Heiti verkefnis

Útsýnisstaður á Hafnargarðinum

Staða verkefnis

Syðri hafnargarðurinn á Þórshöfn hefur haft ákveðið aðdráttarafl gegnum tíðina. Suðurgarðurinn stendur út frá aðalgötu Þórshafnar til móts við höfnina en á enda garðsins er fallegega hanna innsiglingarljós, sem er járnlistaverk af Langanesinu. Ferðamenn hafa keppst við að klöngrast úr á stórgrýttan grjótgarðinn til að ná góðri mynd af höfninni og járnlistaverkinu á enda garðsins.

Árið 2020 lét Langanesbyggð teikna upp hugmyndina og gera fjárhagsáætlun. Afurð þeirrar vinnu er frumhönnun útsýnispalls frá Teiknistofu Norðurlands sem nær út á enda garðsins ásamt bílastæði og kostnaðaráætlun í þremur áföngum. Búið er að kynna verkefnið innan sveitarstjórnar við góðar undirtektir en Langanesbyggð telur afar mikilvægt að auka aðdráttarafl svæðisins, fjölga afþreyingarmögguleikum en útsýnispallurinn yrði án efa mikið notaður, bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum, sem og heimamönnum. Sveitafélagið hefur sent inn uppfærslu á áfangastaðaáætlun þar sem verkefnið verður sett inn.

Verkefnið í hnotskurn

Suðurgarðurinn er staðsettur við aðalgötu Þórshafnar um 400m innan við bæjarmörkin. Gert er ráð fyrir innkeyrslu á bílastæði út frá Fjarðarvegi, aðalgötu Þórshafnar, með 8-10 stæðum. Núna eru á svæðinu þrjú skilti með fróðleik um hafnsækna starfsemi, gömul hús á Þórshöfn og sögubrot frá svæðinu. Skiltin munu standa á verður torgi með bekkjum sem gerir fólki kleift að setjast og njóta útsýnisins yfir þorpið, höfnina og opið hafið. Þaðan er svo aflíðandi stígur að útsýnispallinn. Um er að ræða 400m járngrindarpall og handrið sem er vinklaður á hafnargarðinn og lágstemmd lýsing lýsir pallinn og garðinn upp. Útskot verður á tveimur stöðum þar sem hægt er að setja bekki, listaverk eða annað.

Eigandi lands	Eigandi hafnargarðsins er Langanebyggð. Málið hefur verið í vinnslu í mörg ár og farið í gegn hjá tveimur sveitarstjórnnum en öllum sveitarstjórnarmönnum er mjög áfram um að verkið verði að raunveruleika. Heimakunnir eru áhugasamir um útsýnispallinn á hafnargarðinum. Pallurinn ætti ekki að trufla hafnsækna starfsemi svæðisins og er mikilvægt að stýra ferðamönnum í burt frá hafnarsvæðinu sjálfu og gefa þeim tækifæri á að líta yfir höfnina frá öruggu sjónarhorni séð frá útsýnispalli suður hafnargarðsins.
Umsjónaraðili lands	Langanesbyggð er umsjónaraðili landsins en vegagerðin þjónustar aðalgötuna sem bílastæðið kæmi til með að standa við.
Kynjahlutföll sem skapast	Bæði kynin jafn
Er fyrirhuguð gjaldtaka á þessum ferðamannastað?	Nei
Ef já - Er gjaldtakan fyrir veitta þjónustu? Tilgreinið hvað fellur undir þjónustugjaldið.	Engin fyrirhuguð gjaldtaka
Er gjaldtaka fyrir annað ? Tilgreinið hvað fellur undir gjaldið.	[Valkvætt]
Hvenær er áætlað að verkið hefjist?	01.04.2024
Hvenær eru áætluð verklok ?	30.11.2024

Staðsetning verkefnis

Landsvæði	Norðurland eystra
Póstnúmer	680 Þórshöfn
Sveitarfélag	6710 Langanesbyggð/Svalbarðshreppur
Hnit	66°11'42.6"N 15°19'50.9"W

Kostnaður og mótframlag

Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins	54.000.000
--	------------

Umbeðin styrkupp hæð	44.000.000
Mótframlag	10.000.000
Gerð stuttlega grein fyrir verklegri framkvæmd	<p>Verkið er í þremur áföngum (Sjá tilboðsskrá í viðhengi). Heildarkostnaður á fullkláruðum útsýnispalli eru rúmar 94 milljónir. Nú er verið að sækja um styrk til að byrja á fyrstu tveimur áföngunum sem kosta 54 milljónir. Byrja þarf á að fá samþykkt deiluskipulag fyrir bílastæðum við suðurgarð.</p> <p>1. áfangi. Bílastæði við Fjarðarveg, dvalarstæði og stígatengingar.</p> <p>2. áfangi. Göngupallar 200m og útsýnispallar.</p> <p>3. áfangi. Göngupallar 200m til viðbótar , útsýnispallar og listaverk. (ekki sótt um þennan áfanga núna)</p> <p>Einnig þarf að fá samþykktir hjá umhverfis og skipulagsnefnd fyrir verkefninu öllu en verkefnið hefur nokkrum sinnum verið þar til kynningar með góðan hljómgrunn. Verkfræðingur þarf til vinnu í að teikna upp stálvirki út á garðinn. Hanna undirstöður og tengingar við það grjót sem er í garðinum. Hvaða efni yrði notað, svo sem rústfríir profílar, hvaða dekkefni myndi henta í svona gönguleiðir sem liggja mikið í sjávar seltu.</p> <p>Bílastæði við Suðurgarð</p> <p>Fá verktaka til að jarðvegskipta jarðvegi fyrir áætluðum bílastæðum sem og tengingu við gönguleiðina út á garðinn.</p> <p>Hafnarlækurinn sem rennur inn í höfn Þórshafnar er leiddur með röri undir ætluðum bílastæðum við garðinn. Passa þarf að rörið beri þann þunga sem þarf undir bílastæðin.</p>

Felur verkefnið í sér gerð skipulagsáætlunar? Til dæmis deiliskipulag

Deiliskipulag

Frekari upplýsingar um verkefnið tengt gæðamati

Mikilvægi vegna náttúruverndar

A. Verkefnið hefur engin áhrif á náttúru.

Vinsamlegast gerið nánari grein fyrir svarinu.

Verkefnið felur ekki í sér náttúruvernd eitt og sér en gefur tækifæri til fræðslu á náttúru og vistkerfi í kringum útsýnispallinn og náttúruvernd þegar kemur að sjávarútveginum. Hér eru möguleikar til samstarfs við stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu þegar kemur að náttúruvernd sjávar.

Mikilvægi vegna öryggis ferðamanna

C Verkefnið er til þess fallið að koma í veg fyrir alvarleg og mjög alvarleg slys (til alvarlegra slysa teljast t.d. höfuðáverkar, innvortis meiðsl, stærri beinbrot (t.d. lærleggs) og annað mjög alvarlegt (t.d. banaslys).

Vinsamlegast gerir nánari grein fyrir svarinu.

Ferðamenn hafa sótt í það að stikla í stórgrýtinu út á syðri hafnargarðinn til að ná góðu útsýni yfir höfnin og til að skoða betur listaverkið við enda garðsins. Hins vegar er garðurinn mjög stórgrýttur og langur og mikil áhætta sem felst í því að hætta sér út á garðinn þar grjótið getur verið hált, auðvelt að detta milli grjóta og hætta á alvarlegu slysi ef fólk fellur niður af garðinum.

Á sama tíma eru ferðamennirnir fara á höfnina en þar er hættulegt iðnaðarsvæði sem óviðkomandi aðgangur er bannað þótt sumir hunsu það og fari engu að síður inn á svæðið. Með því að stýra umferð ferðamanna inn á hafnargarðinn á útsýnispalla er verið að gefa þeim tækifæri til að skoða höfnina frá einstöku sjónarhorni í stað þess að fara inn á iðnaðarsvæði þar sem þungavigtarökutæki eru að störfum. Þarna eru að skapast hættulegar aðstæður sem mikilvægt er að fyrirbyggja.

Frekari upplýsingar um verkefnið tengt gæðamati

Framkvæmdin/verkefnið er tilgreint í áfangastaðaáætlun (DMP) þíns svæðis. Ef já, hvernig fellur verkefnið að áherslum FF?

Unnið er að því að uppfæra áfangastaðaáætlun Norðurlands Eystra. Sveitafélagið hefur nú þegar sent inn heildstæða áætlun sem mun koma út í nýrri áfangastaðaáætlun en hún er áætluð í lok árs 2023 eða byrjun 2024. Verkefnið er mikilvægt fyrir svæðisbundna þróun ferðamennsku og hluti af því að fjölga viðkomustöðum á nyrsta landshorninu með uppbyggingu á útsýnispallinum og búa til áfangastað sem fær fólk sem á leið hér um til að koma inn í þorpið og stoppa. Verkefnið færir sveitafélagið skrefinu nær sjálfbærni í ferðamálum. Á sama tíma mun verkefnið tryggja öryggi ferðamanna sem hafa áhuga á að skoða höfnina, listaverkið og fallega náttúru.

Lýsið nýnæmi verkefnisins, ef við á.

Útsýnispallar þekkjast víða en eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Stefnt er að útsýnispallinn að áfangastað og sjá til þess að ferðamenn komi við og gangi út á enda pallsins sem mun verða um 400 m þegar verkinu er lokið. Vissulega er fallegt listaverk af Langanesinu á enda garðsins sem vekur athygli og gæti verið nægt aðdráttarafl eitt og sér og þetta stórbrotna útsýni fyrir höfnina. Margar hugmyndir hafa komið upp, meðal annars að stækka pallinn á miðri leið út fyrir garðinn þar sem fólk gæti "dorgað" á gamla mátann. Mögulega væri hægt að gera úr þessu ratleik fyrir börnin þar sem þau skrifa bréf við upphaf og setja svo í kassa á enda garðsins, skrifa í gestabók eða fara með litlar steinvölur og skilja eftir.

Framkvæmdin bætir ferðamennsku á veikri árstíð? Ef já hvernig?

Útsýnispallurinn yrði opinn allan ársins hring og býður upp á útivistarmöguleika í alls konar árferði en margir áfangastaðir á þessu svæði eru einungis opnir að sumri til og þegar vel viðrar vegna erfiðra samgangna og aðgengis. Því er mikilvægt að geta tekið á móti ferðamönnum og bent þeim á áfangastaði allt árið en það styður við meira jafnvægi og öryggi í ferðapjónustu.

Framkvæmdin bætir ferðamennsku á veiku svæði. Ef já, hvernig ?

Langanesbyggð er í hundruði kílómetra fjarlægð frá innkomuleiðum í landið og því er þeim mun mikilvægara að hafa aðdráttarafl á svæðinu og auka áfangastöðum á svæðinu í heild. Þetta svæði er ekki hluti af demantshringnum sem rétt sneiðir fram hjá þessu nyrsta svæði. Aftur á móti yrði verkefnið góð viðbót við verkefni eins og Norðurstrandaleið eða Arctic Coast Way. Það mun einnig styrkja aðra áfangastaði í kring sem ferðamenn munu án efa skoða þegar komið er inn á svæðið. Úsýnispallurinn yrði án efa vinsæll hjá erlendum sem og innlendum ferðamönnum en innanlandsferðalög hafa verið að færast í aukana, sérstaklega í kjölfar heimsfaraldurs og er þetta svæði þar engin undantekning.

Framkvæmdin bætir úr skorti á grunnþjónustu, t.d. salerni, bílstæði, stígum eða öryggisbúnaði. Ef já, hvernig?

Nú þegar er lítið útskot og skilti um fróðleik um höfnina og gömul hús sem eitt sinn stóðu þar. Að fá bílastæði og plan yrði mikið til bóta þar sem skiltin standa við aðalgötu þar sem umferð getur verið mikil og nauðsynlegt að hafa bílaplan til að gæta öryggis þeirra sem stoppa og skoða. Hafnargarðurinn sjálfur er mjög hættulegur, hár, stórgrýttur, brattur og fólki getur auðveldlega skrikað fótur og slasað sig. Ferðamenn hafa nú þegar sótt í að ganga út á garðinn með þeim afleiðingum að detta og slasa sig en með tilkomu pallsins gæti fólk með öryggi notið útsýnisins og gengið með auðveldum hætti út á garðinn. Einnig hefur borið á því að ferðamenn sæki niður á höfnina sjálfa sem er iðnaðarsvæði og hættulegt óviðkomandi aðilum. Með því að gera ferðamönnum kleift að fá besta útsýnið yfir höfnina og þannig beina umferðinni frá höfninni sjálfri minnkar það líkur á slysum.

Framkvæmdin bætir aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Ef já, hvernig ?

Líkt og áður hefur komið fram er ekki ætlast til að fólk sé að fara út á hafnargarðinn en hefur gert það engu að síður. Það er útilokað fyrir hreyfihamlaða að komast út á stórgrýttan hafnargarðinn, en með tilkomu útsýnispalls gætu hreyfihamlaðir haft sömu möguleika og aðrir til að sjá stórbrotið útsýni yfir hafið og höfnina frá ysta hluta hafnargarðsins en aðgengi fyrir hreyfihamlaða á pallinum yrði tryggt með aflíðandi stíg upp að pallinum og breidd pallsins og útsýnissvæða myndi rúma hjólastóla.

Frekari upplýsingar um verkefnið tengt gæðamati

Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins. Ef já, hvernig?

Langanesbyggð er í 620 km fjarlægð frá höfuðborginni og því langt fyrir ferðamenn að koma á svæðið. Því er þeim mun mikilvægara að hafa aðdráttarafl sem gerir fjarlægðina þess virði að ferðast. Nú þegar býr Norðausturhornið yfir gífulegri náttúrufegurð og einstöku landslagi þar sem fólk upplifir sig á hjara veraldar. Að fá ferðamenn inn á svæðið er gífulega mikilvægt fyrir innviðina og því fylgir uppbygging í atvinnulífi og ferðatengdri þjónustu. Með aukinni þjónustu við ferðamenn eykst einnig þjónusta við heimamenn og innviðir styrkjast. Heimamenn munu án efa nýta sér útsýnispallinn og mun þetta auka fjölbreytni í útvist. Flogið er á Þórshöfn 5 daga vikunnar og styrkir ásókn ferðamanna áframhaldandi flugsamgöngur enn frekar.

Verkefnið/skipulagsvinnan er unnin í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir, heildræna stefnumótun og langtímamarkmið. Ef já, hvernig?

Nýleg sameining Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps varð til þess að teikna þarf upp nýtt aðalskipulag sveitafélagsins sem er í bígerð. Útsýnispallur á hafnargarðinum er búinn að fá kynningu í sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd og hafnarnefnd og alls staðar fengið góða umfjöllun og samþykki svo mikil samstaða er í sveitafélaginu um verkefnið.

Líkt og áður hefur komið fram er uppfærsla á áfangastaðaáætlun Norðurlands eystra í vinnslu og hefur sveitafélagið sent inn uppfærða heildstæða áætlun svæðisins þangað inn, meðal annars er þar inni útsýnispallurinn Atvinnustefna sveitafélagsins er í vinnslu og stefnt er að vinnufundum með atvinnulífinu en þar verður meðal annars unnið að heildrænni stefnu í ferðamálum.

Framkvæmdin hefur fræðslugildi og/eða tekur mið af íslenskri sögu og menningu. Ef já, hvernig?

Nú þegar eru skilti um Þórshöfn se, var, gömul mynd af þorpinu og útsýni yfir bæjarstæðið til samanburðar. Sögubrot úr mannlífinu, gömul hús og svo fræðsla um sjávarútveg á Þórshöfn. Með uppbyggingu útsýnispalls er stefnt að frekara fræðsluefni um höfnina, hafið og fuglalífið allt um kring. Hvaða fiska er verið að veiða á svæðinu, hvaða fulgategundir er hægt að sjá við höfnina? Hvernig virkar hafnarstarfsemin og hafnarmannvirkin? Mögulega verður hægt að segja ákveðna fræðslusögu með skiltum á göngu út á pallinn og jafnvel útbúa margmiðlunarefni. Útsýnispallurinn yrðu klárlega viðkomustaður grunnskóla og leikskólabarna þar sem er fastur liður í skólunum að kynna börnin fyrir umhverfi sínu. Verkefnið býður upp á möguleika til samvinnuverkefna í rannsóknarstarfi á náttúru og vistkerfum.

Lýsið vistvænum áherslum í verkefninu s.s. umhverfisvottun, efnisvali og/eða annarri sjálfbærri hugsun.

Hugmyndin er að nýta það sem fyrir er, þ.e. hafnargarð, sem nú þegar er til og því er hægt að nýta það sem fyrir er og ekki verið að raska umhverfi umfram það sem búið er. Hér er verið að byggja pall, sem er greiðfær fyrir alla og er með „áningastöðum“ þar sem er upplýsingar um umhverfið og gott sjónarhorn yfir höfnina. Verkefnið felst í því að nýta það sem fæst í nærumhverfinu og vistvænt vottað endingagott efni, sem engar líkur eru á að mengi umhverfi sitt á nokkurn hátt. Lýsing og hönnun verður á þann hátt að minnst röskun verði á náttúru.

Aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum - Starfstími.

Opinn allt árið

Aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum - Opnunartími.

Allan sólarhringinn

Númer umsóknar: 364270